

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 24. fundar
Reykjavík 21. október 2011

Föstudaginn 21. október 2011 var haldinn tuttugasti og fjórði fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Jón Gnarr	Reykjavík
Dagur B. Eggertsson	Reykjavík
Guðrún Pálsdóttir	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Erling Ásgeirsson	Garðabæ
Guðmundur Rúnar Árnason	Hafnarfirði
Hallgrímur Hallgrímsson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbæ
Pálmi Másson	Álftanesi
Kristinn Guðlaugsson	Álftanesi
Adam Finnsson	Kjósarhreppi
Guðný G. Ívarsdóttir	Kjósarhreppi
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Stefán Eiríksson	Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

Áheyrnarfulltrúar voru Haukur Harðarson frá björgunarsveitum á svæðinu og Gísli Friðriksson frá RKÍ. Auk þess sátu fundinn þau Birgir Finnsson, Brynjar Þór Friðriksson og Höskuldur Einarsson frá SHS og S. Björn Blöndal frá Reykjavíkurborg. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir sat fundinn undir lið 1.

Fundarstjóri: Jón Gnarr.

Fundarritari: Birgir Finnsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð síðasta fundar..

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 23. fundar almannavarnanefndar 18. mars 2011.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir

2. Meistaraverkefni.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir kynnti lokaritgerð í meistaragráðu við háskólana í Kaupmannahöfn og í Lundi, “Perceive and formalised responsibilities of local managers of municipalities in the capital area of Iceland.“ Ritgerðin er byggð á viðtölum við borgarstjóra og býjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu um þeirra skilning á hlutverki sínu í almannavarnakerfinu.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Áhættumat

Bókun á 23. fundi var eftirfarandi: „Almannavarnanefndin samþykkir áhættumat sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og vísar því til framkvæmdaráðs almannavarnanefndarinnar.“ Brynjar Þór Friðriksson og Höskuldur Einarsson starfsmenn SHS kynntu stöðu mála.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Viðbragðsáætlanir sveitarfélagana

Herdís Sigurjónsdóttir kynnti verkefni varðandi viðbragðsáætlanir sveitarfélagana, en slík vinna er að fara fram samræmt í nokkrum sveitarfélögum og eru þær m.a. byggðar á verkefnum langtímaviðbrögð við náttúruhamförum.

Afgreiðsla: Almannaþingarnefndin samþykkir fyrir sitt leiti þessa nálgun á gerð viðbragðsáætlunum fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

5. Hryðjuverkaárásin í Noregi 22. júlí

Bókun á síðasta fundi síðasta fundi stjórnar SHS: „Slökkviliðsstjóra falið að kanna með möguleika á kynningu og fræðslu frá norskum samstarfsaðilum.“

Afgreiðsla: Almannaþingarnefnd tekur undir bókun stjórnar SHS þarf sem slökkviliðsstjóra var falið að kanna með möguleika á kynningu og fræðslu frá norskum samstarfsaðilum.

6. Yfirlit yfir störf aðgerðastjórnar

Birgir Finnsson fór yfir störf aðgerðastjórnar frá síðasta fundi almannaþingarnefndarinnar.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri, fór yfir áherslur og verklag lögreglu í málum tengdum tælingarmálum þar sem börn eiga í hlut og málum tengdum ástandinu í þjóðfélaginu.

Fundi slitið kl. 09:30

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fylgiskjöl:

– Fundargerð 23. fundar almannaþingarnefndar 18. mars 2011.